

# SAMPYKKT um stjórn Hveragerðisbæjar.

## I. KAFLI

### **Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélags.**

1. gr.

*Skipan bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar er skipuð sjö fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til bæjarstjórna.

2. gr.

*Sjálfstætt stjórnvald.*

Hveragerðisbær er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

*Verkefni sveitarfélags.*

Hveragerðisbær annast þau lögmæltu verkefni sem því eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneytinu.

Hveragerðisbær vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Hveragerðisbær er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

## II. KAFLI

### **Um bæjarstjórn.**

4. gr.

*Hlutverk bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, annarra laga og samþykkt þessari.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

## 5. gr.

### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélagini, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja bæjarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan bæjarins, ráða bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáetlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Bæjarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra, valdsvið, starfshætti og framsal til fullnaðarákvörðunar og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.

## 6. gr.

### *Ný bæjarstjórn tekur til starfa.*

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórnna. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

*Kjör forseta, varaforseta og skrifara bæjarstjórnar.*

Á fyrsta fundi kýs bæjarstjórn forseta og varaforseta til eins árs í senn.

Njóti forseti eða varaforseti ekki lengur stuðnings bæjarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að því loknu. Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn.

Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði.

Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta skal kjósa varaforseta til að gegna störfum forseta í forföllum hans. Skal kosning hans vera hlutfallskosning.

Sé enginn forseti á fundi geginr aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti bæjarstjórnar deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa nýjan forseta bæjarstjórnar í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

Bæjarstjórn kýs einn skrifara og einn til vara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta bæjarstjórnar fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

III. KAFLI

**Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp.**

8. gr.

*Fundir bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar heldur reglulega fundi bæjarstjórnar á bæjarskrifstofu Hveragerðis að jafnaði annan fimmtudag í mánuði kl. 17.

Aukafundi skal halda þegar forseti eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótagvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi bæjarstjórnar vegna sumarleyfis.

9. gr.

*Boðun bæjarstjórnarfundu.*

Bæjarstjóri boðar fundi í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Fundarboð skal berast bæjarfulltrúum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til bæjarfulltrúa, aðalmanna og varamanna, með tölvupósti og fundarboðið, dagskrá ásamt fylgigönum er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa inn á fundargátt sveitarfélagsins. Heimilt er að boða fundi bæjarráðs og fastanefnda rafrænt með sama hætti og boðun funda bæjarstjórnar.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

10. gr.

*Dagskrá bæjarstjórnarfundar.*

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnað staðfestingar bæjarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega fjórum sólarhringum fyrir fund til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

11. gr.

*Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar.*

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi bæjarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um bæjarfulltrúar, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

## 12. gr.

### *Opnir fundir bæjarstjórnar.*

Fundir bæjarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélags séu viðstaddir.

## 13. gr.

### *Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.*

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæða-greiðslu. Ef jafnmög atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

## 14. gr.

### *Tvær umræður í bæjarstjórn.*

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélags í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

## 15. gr.

### *Ritun fundargerða og fundarsköp*

Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginnefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Um ritun fundargerða sveitarstjórnar skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórnar, samanber auglýsingu þess efnis nr. 977/2012, eða síðari leiðbeiningum sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi:

## I. Fundarskög:

1. **Fundarstjórn.** Forseti stjórnar umræðum á fundum bæjarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmaði hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.  
Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.  
Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarskópum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.
2. **Vald forseta.** Skyld er bæjarstjórnarmanni að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.  
Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvísvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelni það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.  
Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Ef áheyrandi á sveitarstjórafundi raskar fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal bæjarstjórnar.
3. **Afgreiðsla mála.** Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema bæjarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrálið á fundinum.  
Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.
4. **Málfrelni bæjarstjóra.** Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelni og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.
5. **Málfrelni.** Bæjarfulltrúi hefur málfrelni, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar.  
Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarstjórnarmann sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.  
Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.
6. **Ávarp ræðumanns.** Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.  
Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúar með fullu nafni.  
Pegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann

óskar að ræða.

Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.

7. **Hve oft má tala.** Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarstjórnarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.
8. **Ræðutími.** Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskráttillögu um að ræðutími hvers bæjarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver bæjarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs.
9. **Tillögur og afgreiðsla.** Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
10. **Réttur til bókunar.** Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
11. **Atkvæðagreiðsla.** Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Bæjarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá bæjarfulltrúar sem samþykka mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti móttatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdráetti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.
12. **Kosningar.** Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör. Bæjarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

## 16. gr.

### *Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.*

Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að tveimur liðum til hliðar, eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélags að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótið að einhverju leyti þar af.

Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélags.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 17. gr.

### *Varamenn í bæjarstjórn.*

Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir voru kosnir til bæjarstjórnar eða eftir samkomulagi sem aðilar að sameiginlegum framboðslista hafa komið sér saman um sbr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga. Tilkynning um slíkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess.

## IV. KAFLI

### **Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.**

## 18. gr.

### *Skyldur bæjarfulltrúa.*

Bæjarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum bæjarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan bæjarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum bæjarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

#### 19. gr.

##### *Réttur bæjarfulltrúa*

Bæjarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Bæjarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Bæjarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum bæjarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar.

Vilji bæjarfulltrúi ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

#### 20. gr.

##### *Aðgangur að gögnum.*

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Beiðni um slíkt skal beint skriflega til skrifstofu sveitarfélagsins. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Miða skal við að aðgangur sé veittur eða gögn afhent innan 5 daga frá móttöku beiðninnar.

Ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings er óheimilt að taka af þeim afrit og fara með þau af skrifstofu, sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga, nema að höfðu samráði við bæjarstjóra eða viðkomandi yfirmann.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

#### 21. gr.

##### *Siðareglur og góðir starfshættir.*

Bæjarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem bæjarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 22. gr.

### *Lausn frá störfum.*

Telji bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við bæjarstjórn að hún létti af honum störfum eða veiti honum lausn úr bæjarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar bæjarfulltrúi flytur úr sveitarfélagi um stundarsakir má bæjarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr bæjarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarféluginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en bæjarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir bæjarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn. Ef bæjarfulltrúi missir fjárrorræði skal bæjarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er svíptingin gildir.

## 23. gr.

### *Boðun varamanna.*

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar málss í bæjarstjórn má boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu málss lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu málss verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddir bæjarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestu eða ef frestu hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma málss.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í bæjarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi.

## 24. gr.

### *Póknun o.fl.*

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Bæjarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

25. gr.

*Réttindi og skyldur varamanna.*

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í bæjarstjórn.

V.

KAFLI

**Bæjarráð.**

26. gr.

*Kosning bæjarráðs.*

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í bæjarráð til árs í senn. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalfulltrúa í bæjarstjórninni. Heimilt er þó að ákveða að aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til bæjarstjórnar, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna.

Kosning í bæjarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

27. gr.

*Fundartími bæjarráðs.*

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í mánuði. Bæjarstjórn ákveður fundartíma bæjarráðs í upphafi kjörtímabils.

Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

28. gr.

*Boðun funda bæjarráðs.*

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna varamanni sínum og sveitarstjóra um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

29. gr.

*Stjórnun bæjarráðs.*

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

30. gr.

*Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði.*

Flokkur eða framboðsaðili sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann á rétt á að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu uppfylla kjörgengisreglur 36. gr. sveitarstjórnarlagu.

31. gr.

*Verkefni bæjarráðs.*

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Bæjarráð hefur einnig með höndum jafnréttis-, atvinnu-, ferða-, markaðs- og kynningarmál sveitarfélagsins. Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar semur kjörskrá vegna kosninga, fjallar um athugasemdir, gerir nauðsynlegar leiðréttigar og úrskurðar um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

32. gr.

*Heimild bæjarráðs til fullnaðarákvörðunar.*

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.

Fullnaðarákvvarðanir sem teknað hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Ef óskað er endurupptöku máls sem bæjarráð hefur afgreitt skal leggja það fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

## VI. KAFLI

### **Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en bæjarráð.**

33. gr.

*Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.*

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir bæjarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjarstjórn sætti að afloknun kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

34. gr.

*Kosning og kjörgengi.*

Kosningar í fastanefndir bæjarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélags, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal bæjarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarféluginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunárekstrum vegna nefndarsetu.

35.

gr.

### *Erindisbréf*

Bæjarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir sveitarstjórnar.

36. gr.

### *Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Bæjarstjórn getur falið nefnd/ráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar, sbr. 10. tölulið 5. gr. samþykktar þessarar. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.

Heimildir fastanefnda til fullnaðarafgreiðslu mála eru háðar því að samþykktir þeirra sem hafa í för með sér að útgjöld, séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi málaflokk.

Fullnaðarákvoranir sem teknað hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ef óskað er endurupptöku máls sem afgreitt hefur verið sbr. 1. mgr. skal leggja það fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Sé nefnd ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða samþykkt þessari, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvoranir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvoranir þurfa staðfestingu bæjarstjórnar.

37. gr.

### *Afgreiðsla á fundargerðum.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnað staðfestingar bæjarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir bæjarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

38. gr.

*Fundir nefnda og ályktunarhæfi.*

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi að lög eða eðli máls hamli því ekki.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

39. gr.

*Fundarstjórn og fundargerðir.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Yfirmenn á viðkomandi sviði rita að jafnaði fundargerðir ráða og nefnda en ráð eða nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara úr starfsmannahópi sveitarfélagsins. Starfsmenn sveitarfélagsins sitja einstaka dagskráliði þegar eftir því er leitað samkvæmt eðli máls og skal boðun starfsmanna koma fram í dagskrá fundarboðs.

Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

40. gr.

*Varamenn.*

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd bæjarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrdi þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingum um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

## 41. gr.

### *Boðun varamanna.*

Um boðun varamanna á nefndarfundi gilda ákvæði 23. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákvæði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

## 42. gr.

### *Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákvæðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun.

Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

## 43. gr.

### *Áheyrnarfulltrúar.*

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en nær ekki kjöri í fastanefnd, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefnda. Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

44. gr.

*Póknun.*

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Bæjarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags.

45. gr.

*Önnur réttindi og skyldur.*

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélaga eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

46. gr.

*Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að.*

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélagi væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélags í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum bæjarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

47. gr.

*Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.*

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

**A. Til eins árs:**

**Bæjarráð.** Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og þrjá til vara í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Kveðið er á um verkefni bæjarráðs í 31. gr. samþykktar þessarar.

**B. Til fjögurra ára.** Bæjarstjórn kýs í eftirfarandi ráð og nefndir sem kosin eru á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs ráðunum formann og varaformann.

**Kjörstjórn.** Bæjarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í kjörstjórn til fjögurra ára vegna kosninga til Alþingis, sbr. 10. gr. laga nr. 24/2000, og bæjarstjórna, sbr. 14. gr. laga um kosningar til bæjarstjórna nr. 5/1998. Þá getur bæjarstjórn kosið þrjá menn og þrjá til vara í undirkjörstjórn. Heimilt er að kjósa hana síðar.

**Fræðslunefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Nefndin fer einnig með málefni leikskóla skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og með málefni tónlistarskóla skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Grunnskólinn í Hveragerði er rekinn í samstarfi Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss og tilnefnir því Ölfuss two fulltrúa í fræðslunefnd og two til vara. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.

**Menningar, íþrótt- og frístundanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni er snúa að menningu, íþróttum og frístundum bæjarbúa óháð eðli tómstunda og aldri þess sem hana stundar. Nefndin fer einnig með stjórn bókasafns í umboði bæjarstjórnar skv. lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Nefndin starfar skv. erindisbréfi sem henni er sett.

**Skipulags- og mannvirkjanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni er varða skipulagsmál og húseignir á vegum bæjarins skv. skipulagslögum nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Einnig fer nefndin með brunamál skv. lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Þá sér nefndin einnig um umferðarmál skv. umferðarlögum nr. 50/1987.

Þá fer nefndin með stefnumótun í málefni veitna skv. ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og skv. lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett. Rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt hefur fulltrúi fatlaðra sem fylgir eftir ferlimálum í nefndinni.

**Umhverfisnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðgjafar varðandi umhverfismál og umhirðu í bæjarféluginu og gerir tillögur til bæjarstjórnar um strefnumörkun á því sviði og um reglur á starfssviði sínu sem er m.a. skv. lögum um gróðurvernd skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, skógrækt skv. lögum um skógrækt nr. 3/1955, sorphirðu og sorpförgun sbr lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, búfjárhald skv. lögum nr. 103/2002 og gerir nefndin tillögu um búfjáreftirlitsmann og annan til vara skv. 9. gr. laganna. Nefnin fer með hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.

**Atvinnumálanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni er snúa að atvinnumálum í bænum. Nefndin starfar skv. erindisbréfi sem henni er sett.

## C. Stjórnir og samstarfsráð.

Bæjarstjórn kýs í eftirfarandi ráð og nefndir sem kosin eru á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar:

### Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.

Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur reka byggðasamlag um sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu í sveitarfélögunum skv. sérstökum samþykktum (NOS, nefnd oddvita og sveitarstjóra um velferðarþjónustu Árnesþings).

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu í stjórn byggðasamlagsins.

Fulltrúi Hveragerðisbæjar í NOS hefur umboð til að taka þátt í skipun í sjö manna sameiginlega skólapjónustu- og velferðarnefnd á starfssvæði skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samþykktta byggðasamlagsins og á grundvelli 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skóla- og velferðarþjónustusvæðið heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings og nefndin skólapjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings.

Fulltrúar í skólapjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings eru sjö auk jafnmargra varamanna og koma þeir úr Sveitarfélagini Ölfusi, Hveragerðisbæ, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Flóahreppi.

Skólapjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings fer með stjórn sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992. Þá skipar nefndin fulltrúa í þjónustuhóp um málefni aldraðra skv. 7. gr. laga nr. 125/1999 sem verður fulltrúi allra sveitarfélaganna sem að nefndinni standa, fer með áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.

Framsals- og valdheimildir til skólapjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, stjórnar byggðasamlagsins og forstöðumannebs byggðasamlagsins fara eftir ákvæðum samþykktu byggðasamlagsins, erindisbréfum og starfslýsingum.

### Bergrisinn bs.

Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Hrunamannahreppur, Bláskögabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Ása•hreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi skv. sérstökum samþykktum. Sveitarfélöginn mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlað fólk í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólk.

Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins og annan til vara.

Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

#### Héraðsnefnd Árnessýslu bs.

Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur, og Sveitarfélagið Árborg reka byggðasamlag um sameiginleg verkefni sveitarfélaganna skv. sérstökum samþykktum þar um. Byggðasamlagið fer m.a. með málefni Brunavarna Árnessýslu, Eignarhaldsfélags Bruna•bóta•félags Íslands, Almannavarna Árnessýslu, Tónlistarskóla Árnessýslu, Byggðasafns Árnes•inga, Listasafns Árnesinga og Héraðskjalasafns Árnesinga.

Hveragerðisbær skipar þrjá aðalmenn og þrjá til vara í stjórn byggðasamlagsins.

#### Almannavarnanefnd.

Bæjarstjórn skipar einn aðalmann og annan til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 í sameiginlega almannavarnanefnd Árnessýslu.

## D. Tilnefningar og kosningar.

Fulltrúar eru kosnir á ársþing og ársfundí stofnana sem sveitarfélagið á aðild að. Kosning skal fara fram á fyrsta og/eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda í eitt ár.

1. **Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.** Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs bæjarstjórn tvö aðal- og jafnmarga varafulltrúa á landsþing sambandsins.
2. **Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótarfélags Íslands.** Bæjarstjórn kýs einn aðalfulltrúa og einn til vara í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótarfélags Íslands.
3. **Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands.** Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn samkvæmt samþykktum Sorpstöðvar eins og þær eru á hverjum tíma.
4. **Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.** Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn samkvæmt samþykktum Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga eins og þær eru á hverjum tíma.
5. **Aðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands.** Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn samkvæmt samþykktum Skólaskrifstofu Suðurlands eins og þær eru á hverjum tíma.
6. **Ársfundur Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga.** Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn samkvæmt samþykktum Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga eins og þær eru á hverjum tíma.

7. **Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands.** Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn samkvæmt samþykktum Eignarhaldsfélags Suðurlands eins og þær eru á hverjum tíma.

## E. Verkefnabundnar nefndir.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda stendur til loka kjörtímabilis eða þar til verkefni hennar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind

## VII. KAFLI

### Bæjarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.

48. gr.

*Ráðning bæjarstjóra.*

Bæjarstjórn ræður framkvæmdastjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Bæjarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími framkvæmdastjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar. Heiti framkvæmdastjóra sveitarfélagsins skal vera bæjarstjóri.

49. gr.

*Hlutverk bæjarstjóra.*

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórn-sýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrlesi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélags. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

## 50. gr.

*Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.*

Bæjarstjórn ræður starfmenn í æðstu stjórnendastöður hjá Hveragerðisbæ og veitir þeim lausn frá starfi.

## 51. gr.

*Um ráðningu annarra starfsmanna.*

Yfirmenn ráða starfsmenn sinna stofnana, bæði fasta og lausráðna, og veita þeim lausn frá störfum nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

## 52. gr.

*Pagnarskylda starfsmanna.*

Starfsmenn Hveragerðisbæjar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 53. gr.

*Um starfskjör og réttindi starfsmanna.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Hveragerðisbæjar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

## VIII.

## KAFLI

### Fjármál sveitarfélagsins.

## 54. gr.

*Fjárvörðunarvald bæjarstjórnar.*

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlunar skv. 2. og 3. tölu.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,

6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

55. gr.

*Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.*

Bæjarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bæjarráð og bæjarstjóri leggja samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glöggja mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegrí stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

56. gr.

*Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 55. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárfamlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykkti áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

57. gr.

*Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.*

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

58. gr.

*Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.*

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

59. gr.

*Ársreikningur.*

Gera skal ársreikning fyrir bæjarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. bæjarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórmarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

60. gr.

*Endurskoðun ársreikninga.*

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoð-endur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

**Samráð við íbúa – Páttökulýðræði.**

61. gr.

*Borgarafundir, íbúaþing, íbúakosningar o.fl.*

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúaþing og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga, ef frá er talið lágmark þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu og óska almennrar atkvæðagreiðslu, sbr. 108. gr.

62. gr.

*Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.*

Ef 25% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk bæjarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. gr. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

63. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Birt í Stjórnartíðindum [bann 5. júlí 2013](#).

Síðari breytingar samþykktar og birtar í [Stjórnartíðindum 27. janúar 2014](#).  
þann [7. september 2016](#) og þann [18. nóvember 2022](#)

Geir Sveinsson  
Bæjarstjóri